

Skýrsla Matís

03- 07

Febrúar 2007

Úttekt á kindakjötsmati

Ásbjörn Jónsson

Óli Þór Hilmarsson

MATÍS

Matvælarannsóknir
Íslands

Food research,
innovation and safety

ISSN 1670-7192



Skýrsluágríp Matis ohf

Matis Food Research, Innovation & Safety

Report Summary

ISSN: 1670-7192

Titill / Title	Úttekt á kindakjötsmati		
Höfundar / Authors	Ásbjörn Jónsson, Óli Þór Hilmarsson		
Skýrsla / Report no.:	03 - 07	Útgáfudagur / Date:	Febrúar 2007
Verknr. / project no.	1RK3008 Matra		
Styrktaraðilar / funding:	Framleiðnisjóður og Framkvæmdarnefnd búvörusamninga		
Ágríp á íslensku:	<p>Nýtt kjötmat fyrir kindakjöt samkvæmt EUROP-kerfinu var tekið upp á Íslandi haustið 1998. Samkvæmt því eru skrokkarnir flokkaðir eftir holdfyllingu annars vegar og fitu hins vegar. Í EUROP-kerfinu er holdfylling skrokka metin í fimm aðalflokka (E, U, R, O og P), þar sem E er best og P lakast. Fita er einnig metin í fimm aðalflokka (1, 2, 3, 4 og 5), þar sem 1 er minnst og 5 mest. Einnig er notaður hér á landi undirflokkur fitu, 3+. Í EUROP-kerfinu eru dilkaskrokkarnir flokkaðir mun nákvæmar eftir fitu og holdfyllingu en gert var í gamla kerfinu. Þessi nákvæma flokkun þjónar bæði bændum, sem fá betri upplýsingar um afurðir sínar, og kjötvinnslum sem geta betur valið þá gerð kjötskrokka sem henta til mismunandi vinnslu.</p> <p>Markmiðið með þessu verkefni var að fá upplýsingar um nýtingu, vinnslueiginleika og efnasamsetningu dilkakjöts og dilkakjötsafurða, eftir mati samkvæmt EUROP-kerfinu.</p> <p>Í sláurtíð 2003 og 2004 var gerð úttekt á matinu í þrem sláturhúsum. Skrokkar í eftirtöldum matsflokkum voru rannsakaðir: U2, U3, U3+, U4, R1, R2, R3, R3+, R4, O1, O2, O3, O3+, P1 og P2. Hægri hluti skrokkanna var hlutaður sundur í læri, hrygg, slög og frampart, til ákvörðunar á hlutfalli kjöts, fitu og beina. Vinstri helmingur var einnig hlutaður í sundur og unninn áfram í afurðir. Efnamælingar voru framkvæmdar á afurðum til ákvörðunar á næringargildi.</p> <p>Við krufningu skrokka í kjöt, fitu, og bein var hlutfall kjöts í skrokki að meðaltali 60%, hlutfall fitu var að meðaltali 19% og hlutfall beina var að meðaltali 18 %.</p> <p>Þeir sem unnu að verkefninu voru starfsmenn Matis ohf. og Stefán Vilhjálmsson kjötmatsformaður, ásamt starfsmönnum viðkomandi sláturhúsa.</p>		
Lykilorð á íslensku:	<i>kindakjöt, EUROP, kjötmat, nýting</i>		
Summary in English:	<p>A new EU carcass classification system for lamb was introduced in Iceland in 1998. In the new system carcasses were evaluated according to conformation (E.U.R.O.P. classification: five classes, from E = "good", to P = "bad" conformation) and fatness score (5 classes, from 1=lean, to 5=fat). The EU classification system is more accurate than the previous system, and gives farmers more informations about their carcasses and enables meat producers to select carcasses according to the different productions.</p> <p>The main objective of this study was to gain informations about the utilisation, processing quality and chemical combination of the carcasses, according to the new classification system. A study was performed in abattoirs in 2003-2004 according to the classification system. The right half of the carcasses were segmented into legs, loins, flanks and forequarters and then dissected into meat, fat and bone. The left half were segmented and processed further into final products. Chemical analysis was performed on the carcasses to estimate the nutritional value. The average proportion of the meat in the carcasses was 60%, proportion of the fat was 19% and the average bone proportion was 18%.</p> <p>The project was done by employees of Matis, Stefán Vilhjálmsson, chairman of the meat classification board, and the employees of the abattoirs.</p>		
English keywords:	<i>lamb, meat, EUROP, classification</i>		

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. FRAMKVÆMD.....	3
Sýnataka	3
Mælingar á dilkakjötstykkjum í sláturhúsum	3
Vinnslunýting	4
Mælingar á efnainnihaldi.....	5
3. NIÐURSTÖÐUR.....	6
Rýrnun eftir kælingu og vinnslu	7
Nýting skrokks	8
Skrokkmál.....	20
Vinnslunýting og verðmæti.....	21
Mælingar á efnainnihaldi.....	28
4. UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.....	35
5. ÞAKKARORÐ	35
6. HEIMILDIR.....	36
7. VIÐAUKI.....	37

1. INNGANGUR

Árið 1992 fór fram viðamikil rannsókn þar sem gerð var úttekt á öllum þáverandi matsflokkum fyrir kindakjöt. Markmið verkefnisins var að fá upplýsingar um nýtingu, orkugildi, næringargildi og vinnslueiginleika dilkakjöts og dilkakjötsafurða og kanna áhrif gæðaflokka á þessi atriði. Eftirfarandi þættir voru mældir: 1) Þyngd og ýmis skrokkmál, 2) Hlutfall kjöts, fitu og beina, 3) Hugsanleg besta nýting fyrir viðkomandi skrokk og 4) Næringargildi einstakra sneiða og stykkja. Niðurstöður úttektarinnar voru birtar í Fjölriti RALA nr. 176 í október 1994 og í Íslensku kjötbókinni árið 1994.

Nýtt kjötmat fyrir kindakjöt samkvæmt EUROP-kerfinu var tekið upp á Íslandi haustið 1998. Samkvæmt því matskerfi eru skrokkarnir flokkaðir eftir holdfyllingu annars vegar og fitu hins vegar. Í EUROP-kerfinu er holdfylling skrokka metin í fimm aðalflokka (E, U, R, O og P), þar sem E er best og P lakast. Fita er einnig metin í fimm aðalflokka (1, 2, 3, 4 og 5), þar sem 1 er minnst og 5 mest. Einnig er notaður hér á landi undirflokkur fitu, 3+. Ári síðar birtust niðurstöður úttektar samkvæmt nýja matinu. Í EUROP-kerfinu eru dilkaskrokkarnir flokkaðir mun nákvæmar eftir fitu og holdfyllingu en gert var í gamla kerfinu. Þessi nákvæma flokkun þjónar bæði bændum, sem fá betri upplýsingar um afurðir sínar, og kaupendum/kjötvinnum sem geta betur valið þær gerðir kjötskrokka sem henta til mismunandi vinnslu og sölu.

Niðurstöður frá 1992 sem notaðar eru í Íslensku kjötbókinni eru allar miðaðar við gamla matskerfið. Eftir að nýja matskerfið tók gildi eru þær niðurstöður ekki í gildi lengur. Talsverð reynsla hefur fengist af notkun nýja kjötmatsins. Því var orðið tímabært að framkvæma hliðstæða rannsókn og gerð var árið 1992 og koma á fót gagnabanka, sem hefur að geyma upplýsingar um samsetningu, nýtingu, næringargildi og vinnslueiginleika dilkakjöts eftir mismunandi matsflokkum EUROP-kerfisins.

Verkefnið „Úttekt á kindakjötsmati” hófst í ágúst 2003 og lauk í maí 2005. Þeir aðilar sem styrktu verkefnið voru Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Framkvæmdanefnd búvörusamninga. Skýrsla þessi er lokaskýrsla fyrir árin 2003 og 2004 og fjallar um

niðurstöður varðandi nýtingu skrokka og einstakra stykkja, ásamt mælingum á þyngd og stærð á öllum helstu stykkjum skrokksins eftir matsflokkum EUROP-kerfisins. Einnig er fjallað um niðurstöður efnamælinga á einstökum stykkjum skrokksins.

Niðurstöðurnar munu nýtast við fræðslu, markaðskynningu, vöruþróun og ekki síst þjóna bændum sem fá betri upplýsingar um afurðir sínar.

Markmið verkefnisins var:

- að koma á fót gagnabanka, sem hefur að geyma upplýsingar um samsetningu, nýtingu, notagildi og næringargildi dillakjöts eftir mismunandi matsflokkum EUROP kerfisins.
- að rannsaka magn kjöts, fitu og beina í öllum skroknum og einstaka hluta hans í hverjum matsflokki fyrir sig. Þessi þáttur mun auðvelda verðútreikninga á öllum stigum ferilsins frá haga í maga.
- að rannsaka bestu nýtingu hvers matflokks fyrir sig. Valið stendur þá um þrjár mismunandi úrvinnsluleiðir skrokksins, allt eftir stærð, þyngd, vöðvamassa og fitu. Þessi þáttur mun hjálpa úrvinnsluaðilum við val á réttu hráefni og getur skilið á milli taps og gróða í kjötvinnslunni.
- að framkvæma efnamælingar, þyngdar- og stærðarmælingar á öllum helstu stykkjum skrokksins eftir matsflokkum. Þessi þáttur mun auðvelda alla vinnu við gerð innihaldslýsinga, verklýsinga, mataruppskrifta og almenna rannsóknarvinnu með dillakjöt.

2. FRAMKVÆMD

Sýnataka

Sýnataka fór fram í eftirtöldum sláturhúsum haustið 2003 og 2004: Sláturfélagi Suðurlands, Selfossi, Sölufélagi A-Húnvetninga, Blönduósi, og Norðlenska á Húsavík. Umfang sýna voru þrjú skrokkar í hverjum matsflokkum úr hverju sláturhúsi. Ekki voru rannsakaðir skrokkar í matsflokkum þar sem heildarskrokkafjöldi var minni en 1.000 í haustslátrun 2002 (**Tafla 1**). Skyggða svæðið í töflu 1 sýnir hvaða matsflokkar voru valdir í úttektinni og fjöldi skrokka í viðkomandi matsflokkum.

Tafla 1. Heildarskrokkafjöldi sem rannsakaður var.

Fjöldi	1	2	3	3+	4	5	Samtals
E							0
U		9	9	9	9		36
R	9	9	9	9	9		45
O	9	9	9	9			36
P	9	9					18
Samtals	27	36	27	27	18	0	135

Heildarfjöldi skrokka í verkefninu voru því 135.

Mælingar á dilkakjötsstykkjum í sláturhúsum

Stuttu eftir slátrun þegar skrokkarnir voru komnir í kjötsal sláturhúsanna var hita- og sýrustig mældir í þeim, og þær mælingar síðan endurteknar sólarhring síðar.

Í sláturhúsunum voru allir skrokkarnir ljósmyndaðir, til að nota síðar sem grunn að kennsluefni fyrir kjötmatsnemendur, og klofnir í sundur nákvæmlega eftir miðlínu. Hægri hluti skrokksins var hlutaður sundur í læri, hrygg, slög og frampart og hlutarnir krufnir til ákvörðunar á hlutfalli kjöts, fitu og beina. Þessi vinna fór fram að hluta til í sláturhúsunum og í kjötvinnslu RALA á Keldnaholti.

Eftirfarandi mælingar voru framkvæmdar á hægri hluta skrokksins:

Skrokkmál:

- *Læri*: Lengd læris og hækils, mesta ummál læris og mesta þvermál læris. Hækill á lærum er sagaður af við enda skankavöðvar, en það viðmið er notað í samkomulagi Markaðsráðs kindakjöts og sláturleyfishafa.
- *Hryggir*: Lengd hryggjar, breidd hryggjar, lengd frá miðlínu hryggjar, lengd frá vöðva að skurðsári, fituþykkt ofan á miðjum hrygg, breidd hryggvöðva (A-mál) og hæð hryggvöðva (B-mál).
- *Frampartar*: Breidd, lengd og hæð ásamt lengd framhækils. Kjúka á framparti er miðaður við að öll kjúkan fari af.
- *Slög*: Lengd og breidd.

Vigtanir:

- Vignir voru heilir skrokkar án umbúða, ófrosnir og fyrir úrbeiningu. Hægri og vinstri helmingar voru vignir eftir hlutun. Hægra og vinstra læri, hægri og vinstri hluti hryggjar, slaga og framparts voru vignir eftir hlutun í einstök stykki.

Vinnslunýting

Mikil þróun hefur orðið í framleiðslu og úrvinnslu á lambakjöti á síðustu árum. Ræktunarstarfið hefur miðað að því að auka vöðva og minnka fitu í skrokkum, og í úrvinnslu er fitusnyrting meiri en áður var. Með aukinni holdfyllingu fylgir meira kjöt og er því betri söluvara. Léttari skrokkar eru oftast seldir sem söguð stykki og sneiðar en þyngri og feitari skrokkar eru úrbeinaðir og vörur úr þeim eru oft bæði fitusnyrtar og beinlausar.

Vinstri hlutinn var hlutaður í læri, hrygg, frampart og slög og hlutarnir síðan frystir. Þessir hlutar voru unnir áfram í afurðir í kjötvinnslu RALA. Valdar voru 3 mismunandi úrvinnsluleiðir fyrir skrokkinn, sem taldar voru heppilegastar með tilliti til stærðar, þyngdar, vöðvamassa og fitu. Viðeigandi aðferð var valin fyrir hvern matsflokk með bestu nýtingu að leiðarljósi. Stórir, vöðvamiklir og of feitir skrokkar (t.d. 3+ og feitari) fóru í úrbeiningu skv. aðferð A sem gefur einkum steikur fyrir veitingahús og mötuneyti.

Léttir, hæfilega holdfylltir og hæfilega feitir skrokkar (t.d. O2 og O3) fóru í sögun skv. aðferð B. Mjög rýrir skrokkar (P1, P2 og O1) fóru í áleggsrúllu skv. aðferð C (Tafla 2).

Tafla 2. Úrvinnsluleiðir og afurðir

	Aðferð A Úrbeining	Aðferð B Sögun	Aðferð C Áleggsrúlla
Matsflokkar	U2, U3, U3+, U4, R3, R3+, R4, O3+	R1, R2 O2, O3	O1 P1, P2
Afurðir	Læri: Lærissteik og afskurður, fita og bein. Hryggur: Hryggvöðvi með fitu og afskurður, fita og bein. Frampartur: Bógsteik, framhryggur og afskurður fita og bein. Slög: Rúllupylsa, afskurður, fita og bein.	Læri: Mjaðmasteik, lærissneiðar, skanki og afsag. Hryggur: Kótiletur og afsag. Frampartur: Súpukjöt og afsag. Slög: Ekki sagað.	Allur skrokkur úrbeinaður í áleggsrúllu og afskurð fitu og bein.

Mælingar á efnainnihaldi

Eftir að kjöt, fita og bein voru vigtuð var gengið frá sýnum til efnagreininga. Fyrir hverja afurð voru öll sýnin úr sama matsflokki sameinuð og búið til eitt safnsýni til efnagreininga en þannig náðist talsverður sparnaður við kostnað. Hreinir vöðvar voru ekki efnagreindir þar sem samsetning þeirra var þekkt. Allar afurðir sem fengust með aðferðum B og C voru efnagreindar.

Framkvæmdar voru mælingar á magni þurrefnis, fitu og próteina. Þurrefni voru mæld í öllum sýnum en fita og prótein í hluta þeirra. Aðhvarfslíkingar úr verkefninu 1992 voru notaðar til að reikna út magn fitu og próteina út frá niðurstöðum þurrefnismælinga. Þó var nauðsynlegt að framkvæma mælingar á magni fitu og próteina á hluta sýnanna til staðfestingar á útreikningum. Steinefnainnihald var reiknað út frá próteininnihaldi.


Fylgst var með falli sýrustigs og hita í skrokkunum eftir slátrun. Sýrustig og hitastig var mælt í hryggvöðva sem notaður var til viðmiðunar. Mælingar voru framkvæmdar við

komu í kjötsal, og þær síðan endurteknar eftir sólarhring. Sýrustigsmælingar voru fyrst og fremst notaðar sem vísir að kjötgæðum, til að athuga hvort streita væri til staðar í kjötinu.

Fervikagreining (ANOVA) var notuð við tölfræðilega úrvinnslu á samanburði milli matsflokka. Til að meta samband efna í einstökum afurðum var notuð aðhvarfslíking.

3. NIÐURSTÖÐUR


Meðalfallþungi dilkaskrokka í hverjum matsflokki sem valdir voru í úttekt á kjötmatinu er sýndur á mynd 1. Meðalfallþungi dilka (fjöldi=135) var 14,6 kg, með hæsta gildi 21,9 kg og lágsta gildi 9,1 kg. Þetta er svipaður meðalfallþungi og í niðurstöðum úr úttekt sem birtar voru 1999, en þar var hann 14,9 kg. Fallþunginn var flokkaður eftir holdfyllingarflokkum og minnkar með lakari holdfyllingu. Ekki var marktækur munur á fallþunga dilka í flokkum U og R miðað við 95% öryggismörk.



Mynd 1. Fallþungi dilkaskrokka sem valdir voru í kjötmatið (meðalfallþungi fyrir ofan hverja súlu).

Rýrnun eftir kælingu og vinnslu

Rýrnun (vatnslétting) eftir kælingu er skilgreind sem hlutfallslegur mismunur á þyngd skrokka við komu í kjötsal eftir slátrun, og þyngd skrokka eftir sólarhrings geymslu í kjötsal. Rýrnun skrokkana var mæld í hverjum matsflokki fyrir sig (Mynd 2).



Mynd 2. Þyngdartap dilkaskrokka sólarhring eftir slátrun.


Rýrnun við kælingu var að meðaltali 1,6%, þar sem hæsta gildið var 2,1% og lægsta gildið 1,1%. Þegar rýrnun er skoðuð út frá fituflokkum er hún minni með hækkandi fituflokki. Einnig er tilhneiging til minni rýrnunar í þeim skrokkum sem hafa meiri holdfyllingu. Rýrnun við sögun skrokka til helminga var 0,25% að meðaltali, þar sem hæsta gildið var 0,52% og það lægsta 0,03%. Við hlutun skrokks í einstök stykki (læri, hryggur, frampartur og slög) var rýrnunin 0,63% að meðaltali með hæsta gildið 1,34% og það lægsta 0,04%.

Hitastig í kjötsal var mælt í hverju slátruhúsi fyrir sig í sólarhring, ásamt hitastigi í skrokkum sólarhring eftir slátrun. Töluverður munur var á hitastigi í kjötsal, milli slátruhúsa eða frá 1,2°C upp í 14,0°C. Hitastig í skrokkum mælt eftir sólarhring var að meðaltali 6,5°C, þar sem hæsta gildið var 10,6°C og það lægsta var 1,7°C.

Nýting skrokks


Niðurstöður um nýtingu á skrokk voru fengnar við krufningu á hálfum skrokk í kjöt, fitu, og bein. Þegar hér verður fjallað um nýtingu er átt við bein- og fitulausar afurðir þ.e. kjöt úr öllum stykkjum, sem hlutfall af skrokkþunga.

Kjötnýting eða kjöthlutfall miðað við alla matsflokka var að meðaltali um 59,6%, með hæsta gildið 74,6% og það lægsta 47,7% (Mynd 3). Niðurstöður rannsókna á nýtingu dilkakjöts er voru birtar 1999 (*Óli Þór Hilmarsson o fl. 1999*) sýndu hærri nýtingu eða um 63% að meðaltali. Í þeirri rannsókn voru töluvert fleiri skrokkar mældir.



Mynd 3. Hlutfall kjöts í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalfallþungi dilka fyrir ofan hverja súlu)


Hlutfall kjöts lækkaði með auknum fallþunga. Súluritið sýnir hæst kjöthlutfall í R- og U-matsflokki. Innan hvers holdfyllingarflokk lækkar kjöthlutfallið með hækkanði fituflokk. Lægra hlutfall kjöts við aukinn fallþunga má skýra út frá aukningu fituhlutfalls við aukinn fallþunga eins og síðar kemur í ljós. Kjöthlutfall var marktækt herra í R1 (64,8%) og U2 (63,9%) miðað við flesta flokka ($p < 0,001$).



Mynd 4. Hlutfall fitu í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalfallpungi dilka fyrir ofan hverja súlu).

Öfugt við kjöthlutfallið þá hækkar fituhlutfall og fallpungi hækkar eftir fituflokkun innan hvers holdfyllingarflokks (Mynd 4). Fituhlutfall var að meðaltali miðað við alla matsflokka 18,8%, með hæsta gildi 30,9% og lágsta gildi 10,2%. Innan hvers holdfyllingarflokks hækkar fituhlutfallið með hækkandi fituflokk (Tafla 3). Matsflokkarnir R4, U4, O3+, R3+, U3+ og O3 (27,1%-20,1%) innihéldu marktækt herra fituhlutfall ($p < 0,001$) en allir hinir matsflokkarnir.

Miðað við niðurstöður frá 1999 (Óli Þór Hilmarsson o fl. 1999) þá hefur fitan aukist úr 12,1% í 18,8% að meðaltali og kjöthlutfall minnkað úr 63% í 59,6% í öllum holdfyllingarflokkunum.




Mynd 5. Hlutfall beina í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalfallþungi dilka fyrir ofan hverja súlu).


Beinahlutfall miðað við alla matsflokka var að meðaltali 17,7%, með hæsta gildi 24,9% og lágsta gildi 12,1%. Beinahlutfallið lækkar með auknum fituflokk, nema í flokki P og betri holdfyllingarflokki (Mynd 5). Með auknum fallþunga lækkar beinahlutfallið. Hæsta beinahlutfall greindist í matsflokkunum P1 (21,2%) og P2 (21,1%) og voru þau marktækt hærri en í hinum matsflokkunum ($p < 0,001$). Miðað við úttekt 1999 (Óli Þór Hilmarsson o fl. 1999) minnkaði beinahlutfallið úr 24,5% í 17,7%.

Tafla 3. Kjöthlutfall og fituhlutfall dilkaskrokka innan hvers holdfyllingar- og fituflokks.


Flokkur	Kjöthlutfall (%)			Fituhlutfall (%)		
	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi
U-2	68,2	64,0	58,9	16,6	13,9	11,0
U-3	73,1	60,1	58,2	23,7	19,6	15,7
U-3+	64,7	58,2	54,6	25,5	22,0	18,0
U-4	66,2	54,9	44,8	30,3	26,1	21,3
R-1	74,3	64,1	58,1	13,7	11,8	9,3
R-2	66,3	62,3	59,4	18,1	15,7	13,8
R-3	65,4	58,7	47,4	23,9	18,9	14,9
R-3+	73,0	57,8	43,2	29,3	21,5	14,3
R-4	61,2	53,7	47,7	33,3	27,8	20,9
O-1	74,6	60,1	44,2	17,5	13,6	10,6
O-2	74,5	59,9	47,7	18,2	16,6	13,2
O-3	65,4	58,7	47,4	27,7	21,0	16,4
O-3+	63,3	56,0	51,2	27,8	24,0	18,8
P-1	63,8	60,6	57,3	14,5	12,5	10,2
P-2	63,4	56,2	48,5	17,8	16,5	13,4




Mynd 6. Hlutfall kjöts í læri í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd læris fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 7. Hlutfall kjöts í hrygg í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd hryggs fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 8. Hlutfall kjöts í framparti í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd framparts fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 9. Hlutfall kjöts í slögum í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd slaga fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 10. Hlutfall fitu í læri í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd læris fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 11. Hlutfall fitu í hrygg í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd hryggs fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 12. Hlutfall fitu í framparti í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd framparts fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 13. Hlutfall fitu í slögum í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd slaga fyrir ofan hverja súlu).




Mynd 14. Hlutfall beina í læri í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd læris fyrir ofan hverja súlu).



Mynd 15. Hlutfall beina í hrygg í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd hryggs fyrir ofan hverja súlu).



Mynd 16. Hlutfall beina í framparti í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd framparts fyrir ofan hverja súlu).



Mynd 17. Hlutfall beina í slagi í holdfyllingarflokkum innan hvers fituflokks (meðalþyngd slaga fyrir ofan hverja súlu).

Myndir 6-17. sýna hlutfall kjöts, fitu og beina í læri, hrygg, frambarti og slögum. Kjöthlutfall í einstökum stykkjum var reiknað sem hlutfall af þyngd stykkis. Hlutfall kjöts í læri miðað við alla matsflokka var að meðaltali 67,6%, með hæsta gildi 74,2% og lægsta gildi 60,0% (Mynd 6). Hlutfallið lækkar með auknum fituflokki innan hvers holdfyllingarflokks, en virðist vera því hærra sem holdfylling flokkast betur. Kjöthlutfallið lækkar einnig með aukinni þyngd læris innan hvers holdfyllingarflokks.

Kjöthlutfall í hrygg var að meðaltali 52,8%, með hæsta gildið 66,9% og lægsta gildið 40,0% (Mynd 7). Hlutfallið í hrygg sýnir jákvæða fylgni við holdfyllingarflokkun eins og í læri en lækkar innan hvers holdfyllingarflokks með hækkandi fituflokki. Munurinn á kjöthlutfalli hryggjar milli fituflokka virðist vera meiri skv. þessum gögnum, en á kjöthlutfalli læris.

Kjöthlutfall í frambarti var að meðaltali 57,3%, með hæsta gildi 66,8% og lægsta gildi 47,7% (Mynd 8). Hlutfallið í frambarti sýnir jákvæða fylgni við holdfyllingarflokkun eins og í læri og hrygg, og lækkar að sama skapi innan hvers holdfyllingarflokks með hærri fituflokkun og aukinni þyngd frambarts.

Kjöthlutfall í slögum var að meðaltali 54,3%, með hæsta gildi 71,5% og lægsta gildi 37,8% (Mynd 9). Hlutfallið var með sama móti og í læri, hrygg og framparti, en munur á kjöthlutfalli milli fituflokka innan hvers holdfyllingarflokks virðist vera mest í slögum.

Ef kjöthlutfallið í einstökum stykkjum er tekið saman má sjá að meðalhutfall er hæst í læri, en lægst í hryggnum.

Fituhlutfall í læri var að meðaltali 12,1%, með hæsta gildi 19,2% og lægsta gildi 4,8% (Mynd 10). Öfugt við kjöthlutfallið hækkar hlutfall fitu með hærri fituflokki innan hvers holdfyllingarflokks. Hlutfallið virðist vera mjög svipað milli holdfyllingarflokka.

Fituhlutfall í hrygg var að meðaltali 24,7%, með hæsta gildi 40,7% og lægsta 10,8% (Mynd 11). Fituhlutfallið hækkaði með hærri fituflokki innan hvers holdfyllingarflokks.

Fituhlutfall í framparti og slögum var að meðaltali 20,0% fyrir frampart, með hæsta gildi 30,3% og lægsta gildi 11,2%, og 28,0% fyrir slög, með hæsta gildi 52,4% og lægsta 9,5% (Mynd 12 og 13).

Beinahlutfall í einstökum stykkjum voru eftirfarandi: Bein í læri var að meðaltali 16,8%, með hæsta og lægsta gildi 26,0% og 11,8%. Bein í hrygg var að meðaltali 18,9%, með hæsta og lægsta gildi 27,9% og 11,27%. Bein í frampart var að meðaltali 20,0%, með hæsta og lægsta gildi 26,8% og 15,7% (Mynd 14, 15, 16 og 17). Bein í slagi var að meðaltali 11,7%, með hæsta og lægsta gildi 19,9% og 6,8%. Beinahlutfallið lækkar með hærri fituflokk og hækkanði holdfyllingu.

Tafla 4. Kjötflutfall einstakra stykkja í mismunandi matsflokkum.

Matsflokkur	Kjöt í læri (%)			Kjöt í hrygg (%)			Kjöt í framparti (%)			Kjöt í slögum (%)		
	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm
U-2	74,2	72,3	71,1	66,2	59,2	54,5	66,8	62,3	58,7	66,6	60,2	52,3
U-3	70,8	69,2	67,0	59,4	54,7	50,6	61,1	57,9	54,7	59,9	55,1	51,4
U-3+	70	68,4	66,7	55,9	51,6	49,0	60,3	56,6	54,6	54,0	50,5	44,8
U-4	67,8	65,4	62,6	50,1	46,7	44,0	59,9	54,5	47,7	48,6	45,3	38,9
R-1	74,0	71,1	63,3	66,9	60,1	56,5	64,4	62,1	59,9	71,5	65,8	55,8
R-2	72,0	70,3	67,1	61,6	58,3	54,5	61,5	59,0	56,4	67,2	60,7	56,3
R-3	69,8	65,5	60,4	59,1	55,5	52,1	61,0	58,0	55,7	64,4	54,3	49,0
R-3+	71,8	65,8	60,0	53,9	51,0	48,2	63,3	57,0	53,3	54,9	50,9	46,7
R-4	68,8	65,2	62,3	47,8	44,6	41,5	60,4	53,2	50,5	44,7	41,6	37,8
O-1	71,0	67,1	62,6	63,1	56,1	52,5	59,2	56,4	51,6	64,4	58,8	53,1
O-2	70,9	68,6	66,4	57,6	53,5	49,6	59,1	56,7	53,0	61,8	58,1	50,1
O-3	71,5	66,8	62,2	56,5	50,5	47,1	60,8	55,2	49,7	59,6	51,1	47,0
O-3+	71,8	66,8	61,8	54,4	47,5	40,0	58,0	55,7	50,4	54,4	45,7	40,3
P-1	72,1	67,7	62,4	64,2	57,9	54,7	61,8	59,0	56,9	63,8	59,8	55,6
P-2	69,6	64,2	60,8	51,2	44,7	38,3	60,6	55,9	52,0	61,3	56,0	52,1

Töflur 4 og 5 sýna kjöt- og fituhlutfall í læri, hrygg, framparti og slögum, meðaltöl og hæsta og lægsta gildi fyrir hvern matsflokk í úttektinni.


Tafla 5. Fituhlutfall einstakra stykkja í mismunandi matsflokkum.

Matsflokkur	Fita í læri (%)			Fita í hrygg (%)			Fita í framparti (%)			Fita í slögum (%)		
	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm	Hám	Meðal	Lágm
U-2	10,3	8,9	7,7	24,7	19,1	15,6	19,3	15,7	13,0	22,6	18,4	14,5
U-3	14,1	12,6	10,7	31,3	25,7	21,5	25,2	21,5	19,9	37,8	28,3	20,0
U-3+	16,4	14,2	12,6	31,8	27,9	23,7	26,3	22,8	20,4	44,8	36,4	31,4
U-4	19,2	16,8	13,1	39,4	35,5	30,8	29,1	25,9	23,2	45,9	41,0	37,6
R-1	11,6	8,7	6,4	19,0	14,2	10,8	15,7	14,2	11,2	18,2	11,7	9,5
R-2	13,0	10,4	7,9	22,9	19,3	16,7	21,1	18,2	16,5	26,5	20,7	15,7
R-3	15,4	12,9	10,2	27,2	24,0	21,1	22,4	19,7	18,0	35,3	30,2	24,6
R-3+	15,0	13,0	10,9	32,6	29,5	26,1	25,0	21,5	19,2	37,3	33,8	28,4
R-4	18,7	16,9	14,7	40,7	37,2	32,2	30,4	27,1	21,7	52,4	45,7	39,9
O-1	10,6	8,5	7,1	18,9	15,7	13,6	20,0	16,1	14,0	26,1	22,0	18,7
O-2	17,6	11,1	8,5	25,3	20,9	17,5	22,0	19,0	16,6	24,7	21,5	16,9
O-3	15,9	13,1	10,5	33,2	29,2	22,8	25,3	22,1	18,3	35,3	30,8	27,9
O-3+	18,4	14,8	11,4	37,7	33,8	27,7	28,6	23,7	19,1	45,5	39,7	33,2
P-1	11,7	8,1	4,8	17,5	14,4	11,8	18,5	15,0	12,2	25,4	20,5	15,9
P-2	15,3	12,3	10,9	26,3	23,4	21,3	20,2	17,7	16,0	24,3	19,1	15,1

Skrokkmál

Í töflu 6 sést samanburður á þeim skrokkmálum sem mæld voru í úttektinni, miðað við fituflokkun og holdfyllingu. Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist skrokkmál minnka eftir því sem holdið er rýrara. Almenn t má segja að marktækur munur ($p < 0.02$) komi fram eftir matsflokkum, með undantekningum. Ekki kom fram marktækur munur á lengd og breidd slaga, lengd, breidd og hæð framparts og breidd læris. Hins vegar aukast skrokkmálin með hækkanði holdfyllingu og hærri fituflokkun. Lengd hækils eykst við aukna fituflokkun, en er ekki marktækt. Ekki kom fram marktækur munur á lengd hryggja eftir matsflokkum. Breidd hryggjar eykst marktækt milli holdfyllingarflokka ($p < 0,05$). Ummál læris jókst marktækt ($p < 0,05$) við hækkanði holdfyllingu og einnig við hærri fituflokkun. Breidd (A-mál) og hæð (B-mál) hryggvöðva eykst við meiri holdfyllingu og aukna fituflokkun ($p < 0,001$). Lengd hækils frá vöðva að skurðsári á hrygg eykst með minni holdfyllingu, en er ekki marktækt. Þykkt fitu á hrygg eykst almennt með meiri holdfyllingu og aukinni fituflokkun ($p < 0,001$).

Gott samband er á milli j-máls og fituinnihalds í hrygg (Mynd 18), þar sem skýringarhlutfallið er rúmlega 0,8.



Mynd 18. Samband j-máls og fituhlutfalls í hrygg.

Tafla 6. Mál á lambakjotsstykjum eftir gæðaflokkum (cm).

	U2	U3	U3+	U4	R1	R2	R3	R3+	R4	O1	O2	O3	O3+	P1	P2
Læri															
Lengd	39,0	40,6	41,4	41,7	40,4	43,5	44,8	44,3	43,1	42,5	44,3	43,8	44,8	42,1	43,7
Ummál	40,1	41,3	42,7	42,6	38,8	40,6	40,7	40,6	42,0	36,7	37,6	39,3	41,7	36,9	35,5
Breidd	14,3	15,4	15,2	16,0	13,6	15,2	15,6	15,4	15,2	14,9	14,2	15,1	15,6	14,3	14,3
Lengd hækils	6,6	6,5	6,9	7,2	6,5	6,9	6,7	7,4	7,0	7,5	7,2	7,2	7,6	6,6	7,2
Hryggur															
Lengd	30,4	31,7	33,2	33,2	30,7	31,8	33,6	33,8	34,1	30,7	32,0	32,8	34,5	31,8	30,3
Breidd	25,2	25,2	26,2	26,9	26,4	26,0	25,6	25,7	26,6	25,3	25,0	25,0	25,6	24,8	25,0
Lengd frá miðlinu	12,6	12,6	13,1	13,4	13,2	13,0	12,8	12,8	13,3	12,7	12,5	12,5	12,8	12,4	12,5
Lengd frá vöðva að skurðsári	6,0	5,9	5,9	6,4	6,9	6,6	5,9	6,4	6,3	6,9	6,4	6,3	6,1	6,7	7,3
Þykkt fitu (J-mál)	0,2	0,3	0,4	0,5	0,2	0,2	0,3	0,4	0,6	0,1	0,2	0,3	0,4	0,1	0,2
Hæð vöðva	3,2	3,2	3,3	3,4	3,1	3,1	3,0	3,1	3,2	2,8	2,6	2,9	3,0	2,6	2,3
Breidd vöðva	5,7	5,7	5,8	5,6	5,7	5,7	5,6	5,6	5,5	5,0	5,2	5,5	5,4	5,1	3,6
Frampartur															
Lengd	25,6	26,6	27,6	28,9	24,9	26,9	28,0	30,2	30,1	25,7	27,8	26,9	29,8	25,0	25,6
Breidd	25,7	26,6	26,8	27,6	23,9	24,1	27,6	26,2	27,3	25,6	26,1	27,3	26,8	24,8	25,6
Hæð	9,9	10,2	11,3	11,5	9,1	9,4	9,9	10,9	10,4	8,4	8,3	9,2	10,0	9,3	10,9
Lengd kjúku	5,0	4,8	5,2	4,8	4,8	5,0	5,8	5,2	5,2	4,7	5,2	4,9	5,1	5,2	5,1
Slög															
Lengd	30,7	32,3	34,8	29,8	29,8	31,5	33,1	34,8	35,6	28,1	31,1	33,6	35,1	29,1	29,6
Breidd	18,4	20,3	20,3	18,6	18,6	19,0	19,6	20,2	20,9	16,2	18,3	18,8	21,5	17,4	18,1

Vinnslunýting og verðmæti

Þungir, feitir og hæfilega feitir skrokkar henta fyrir veitingahús, mótuneyti og kjötborð verslana. Skrokkarnir voru úrbeinaðir og fitusnyrtir í beinlausar vörur. Við úrbeiningu

(vinnsluaðferð A) fékkst besta nýtingin úr matsflokkum U2 (50%) og U3 (48%) (Tafla 7).

Tafla 7. Nýting skv. vinnsluaðferð A.

	U2	U3	U3+	U4	R3	R3+	R4	O3+
Fjöldi skrokka	9	9	9	9	9	9	9	9
Fallþungi (kg)	14,7	16,6	18,5	19,8	16,7	17,4	19,1	17,2
Innanlæri (%)	4,4	4,2	3,9	3,6	4,0	3,9	3,4	3,7
Lærissteik (%)	12,6	12,4	12,0	11,1	12,2	12,0	11,1	11,8
Hryggvöðvi m/fitu (%)	6,4	6,4	6,1	6,0	6,1	5,9	5,5	6,0
Lundir (%)	0,8	0,7	0,66	0,6	0,68	0,65	0,6	0,65
Bógsteik (%)	14,1	12,8	13,3	12,7	13,0	12,4	12,3	13,1
Framhryggur (%)	5,1	5,0	4,7	4,3	4,5	4,2	4,3	4,8
Úrbeinuð slög (%)	6,4	6,5	6,9	7,2	6,0	6,8	4,9	5,1
